

Stykkishólmsbær

Ársreikningur 2017

Stykkishólmsbær
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

kt. 620269-7009

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstremisýfirlit	9
Skýringar	10
Óendurskoðað fylgiskjal: Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	35

Skýrsla og áritun bæjarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.481 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.167 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,37% en lögbundið hámark er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,50% sem er lögbundið hámark án álags. Í B-flokki var álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark með álagi, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð sem nam 8,9 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð sem nam 2,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2017 nam 698 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 1.223 millj. kr.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar er settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, *Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf*.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2017 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Stykkishólmi, 26. apríl 2018

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2017 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Stykkishólmi, 2018

Bæjarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðandi sveitarfélagsins mun árita ársreikninginn samhliða áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Rekstrarreikningur 2017

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2017	Áætlun með viðaukum 2017	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun með viðaukum 2017	Ársreikningur 2016	
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	712.960	708.663	670.449	708.559	708.663	666.159
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	233.349	271.761	258.067	233.349	271.761	258.067
Aðrar tekjur	4	220.282	234.710	235.321	539.497	574.451	507.862
		<u>1.166.591</u>	<u>1.215.134</u>	<u>1.163.837</u>	<u>1.481.405</u>	<u>1.554.875</u>	<u>1.432.088</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	715.601	691.135	638.516	912.470	881.494	812.500
Framlag vegna A deildar Brúar		41.462	0	0	41.462	0	0
		<u>757.063</u>	<u>691.135</u>	<u>638.516</u>	<u>953.932</u>	<u>881.494</u>	<u>812.500</u>
Lífeyrisskuldbinding, hækkun		16.920	27.385	18.502	16.920	27.385	18.502
Annar rekstrarkostnaður		322.887	376.608	377.600	399.141	479.756	426.691
		<u>1.096.870</u>	<u>1.095.128</u>	<u>1.034.618</u>	<u>1.369.993</u>	<u>1.388.635</u>	<u>1.257.693</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		69.721	120.006	129.220	111.412	166.240	174.395
Afskriftir	8	(46.914)	(47.630)	(44.658)	(65.036)	(65.745)	(65.453)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		22.807	72.376	84.562	46.376	100.495	108.942
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(25.034)	(40.113)	(30.659)	(64.162)	(64.343)	(73.219)
Afkoma hlutdeildarfélags		0	0	0	8.898	0	7.940
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	12	<u>(2.227)</u>	<u>32.263</u>	<u>53.903</u>	<u>(8.887)</u>	<u>36.152</u>	<u>43.663</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2017	2016	2017	2016
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir og lóðir	1.856.766	1.622.557	2.042.195	1.811.849
	Veitu-, hafnir og gatnakerfi	321.398	201.471	440.984	325.317
	Vélar, áhöld og tæki	38.544	24.039	41.839	27.458
8		<u>2.216.708</u>	<u>1.848.067</u>	<u>2.525.018</u>	<u>2.164.623</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
9	Eignarhlutir í félögum	127.593	127.593	157.127	145.529
10	Langtímakröfur	284	284	284	284
10	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	395.855	77.580	0	0
		<u>523.732</u>	<u>205.456</u>	<u>157.411</u>	<u>145.813</u>
	Fastafjármunir	<u>2.740.440</u>	<u>2.053.524</u>	<u>2.682.429</u>	<u>2.310.435</u>
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
11	Óinnheimtar tekjur	98.010	100.728	109.811	112.590
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	5.745	416.443	0	0
	Aðrar skammtímakröfur	2.716	600	2.716	600
10	Næsta árs afborganir langtímakrafna	783	783	783	783
10	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	31.193	13.570	0	0
3i	Handbært fé	39.464	72.617	39.670	72.823
	Veltufjármunir	<u>177.911</u>	<u>604.741</u>	<u>152.981</u>	<u>186.797</u>
	Eignir samtals	<u>2.918.351</u>	<u>2.658.265</u>	<u>2.835.410</u>	<u>2.497.233</u>

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2017	2016	2017	2016
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	12	1.222.584	1.180.010	697.977	662.063
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	13	232.740	226.555	232.740	226.555
Búseturéttur	14	0	0	65.046	63.874
		232.740	226.555	297.786	290.429
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	15	968.349	772.952	1.323.376	1.181.571
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		50.083	0	50.083	0
Skuldir við eigin fyrirtæki		46.086	186.682	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	126.923	114.081	187.965	173.272
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindinga ...	13	8.895	7.765	8.895	7.765
Aðrar skammtímaskuldir		262.690	170.220	269.328	182.132
		494.678	478.747	516.271	363.170
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.695.767	1.478.254	2.137.433	1.835.170
Eigið fé og skuldir samtals		2.918.351	2.658.265	2.835.410	2.497.233

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings 17

Sjóðstreymisýfirlit 2017

	A hluti			A og B hluti			
	Skýr. Ársreikningur	Áætlun með	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun með	Ársreikningur	
	2017	viðaukum 2017	2016	2017	viðaukum 2017	2016	
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	12	(2.227)	32.263	53.903	(8.887)	36.152	43.663
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	46.914	47.630	44.658	65.036	65.745	65.453
Verðbætur		15.147	22.720	16.179	25.867	35.969	29.184
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		0	0	(11.388)	0	0	(11.388)
Áhrif hlutdeildarfélags, breyting		0	0	0	(8.898)	0	(7.940)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	13	16.920	18.385	18.502	16.920	18.385	18.502
Veltufé frá rekstri		76.754	120.998	121.853	90.038	156.251	137.474
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar tekjur, breyting		2.718	0	(5.405)	2.779	0	(5.405)
Aðrar skammtímakröfur, breyting		(2.116)	(1.500)	2.030	(2.116)	(1.500)	(2.147)
Skammtímaskuldir, breyting		92.470	0	37.233	87.195	0	41.544
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	13	(9.605)	0	(10.640)	(9.605)	0	(10.640)
		83.468	(1.500)	23.218	78.253	(1.500)	23.352
Handbært fé frá rekstri		160.221	119.498	145.071	168.291	154.751	160.826
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(370.754)	(332.600)	(90.952)	(380.631)	(342.500)	(60.058)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	0	19.500	0	0	19.500
Eignarhlutur, breyting		0	0	0	(2.700)	(2.700)	(2.160)
Langtímakröfur, breyting		0	0	12.210	0	0	12.210
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting.....		(334.173)	13.864	12.986	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(704.927)	(318.736)	(46.256)	(383.331)	(345.200)	(30.508)
Fjármögnunarhreyfingar							
Skuldir við lánastofnanir, breyting		50.083	50.000	(17.745)	50.083	50.000	(17.745)
Breyting fyrirframinnheimtra framlaga		0	0	0	0	0	(37.778)
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		270.102	(4.297)	27.283	0	0	0
Tekin ný langtímalán	15	310.000	290.000	80.000	310.000	310.000	170.000
Afborganir langtímalána		(118.633)	(111.503)	(115.736)	(178.197)	(166.661)	(172.178)
Fjármögnunarhreyfingar		511.552	224.200	(26.198)	181.886	193.339	(57.701)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(33.153)	24.962	72.617	(33.153)	2.890	72.617
Handbært fé í ársbyrjun		72.617	72.617	0	72.823	72.823	207
Handbært fé í árslok		39.464	97.579	72.617	39.670	75.713	72.823

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Stykkishólmsbær er sveitarfélag á Vesturland og var fjöldi íbúa þess 1.178 þann 1. desember 2017. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Hafnargötu 3 í Stykkishólmi.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar árið 2017 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Dvalarheimili, Þjónustuíbúðir og Framkvæmdasjóður.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	25-50 ár
Hafnarmannvirki	25-40 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádrögnum niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Hlutadeildarfélög eru þau félög sem sveitarfélagið hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð. Veruleg áhrif teljast almennt vera til staðar þegar sveitarfélagið hefur yfir 20% atkvæðahlut í viðkomandi félagi. Hlutdeildarfélög eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferð í samanteknum reikningsskilum A og B hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaganna og eru hlutdeildarfélög A hluta því færð á kostnaðarverði í A hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaga.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

h. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almenntri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almenntri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

j. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2017. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 13. Áætlaðar næsta ársgreiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

k. Búseturéttur

Búseturéttur íbúa Þjónustuíbúða er færður upp sem langtímaskuldbinding miðað við uppreiknaðan verðbættan höfuðstól innborgunar.

l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 17.

n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 21.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	590.723	583.398	554.779	590.723	583.398	554.779
Fasteignaskattur	92.203	95.880	85.453	87.802	95.880	81.163
Lóðarleiga	30.034	29.385	30.217	30.034	29.385	30.217
	712.960	708.663	670.449	708.559	708.663	666.159
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Útgjaldajöfnunarframlag.....	123.144	117.798	108.570	123.144	117.798	108.570
Fasteignaskattsframlag.....	44.420	43.392	42.601	44.420	43.392	42.601
Vegna málefna fatlaðs fólks.....	6.398	53.008	48.472	6.398	53.008	48.472
Grunnskólaframlag.....	54.690	54.666	51.456	54.690	54.666	51.456
Önnur framlög.....	4.697	2.897	6.968	4.697	2.897	6.968
	233.349	271.761	258.067	233.349	271.761	258.067
Skatttekjur samtals.....	946.309	980.424	928.516	941.908	980.424	924.226
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	220.282	234.710	235.321	539.497	574.451	507.862
Rekstrartekjur samtals	1.166.591	1.215.134	1.163.837	1.481.405	1.554.875	1.432.088

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	581.560	555.090	510.882	742.756	710.598	651.680
Launatengd gjöld	131.086	136.045	120.068	167.962	170.896	152.813
Áfallinn launakosnaður, breyting.	2.839	0	7.380	1.636	0	7.820
Annar starfsmannakostnaður.....	116	0	186	116	0	186
	715.601	691.135	638.516	912.470	881.494	812.500
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	41.462	0	0	41.462	0	0
Laun og launatengd gjöld samtals ...	757.063	691.135	638.516	953.932	881.494	812.500
				2017	2016	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				177	166	
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				113	107	
Ársverk.....				115	111	
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....				33.180	31.550	

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur	367	2.060	1.155	519	2.160	1.252
Arður af eignum	10.148	8.400	8.402	10.473	8.885	8.727
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(52.969)	(57.573)	(41.749)	(75.154)	(75.388)	(83.198)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	17.421	7.000	1.533	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	(25.034)	(40.113)	(30.659)	(64.162)	(64.343)	(73.219)

Skýringar, frh.:

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	967.821	999.924	944.441
Félagsþjónusta	(37.685)	(81.817)	(84.248)
Heilbrigðismál	(888)	(777)	(751)
Fræðslu- og uppeldismál	(518.200)	(504.365)	(491.294)
Meningarmál	(53.249)	(48.191)	(48.838)
Æskulýðs- og íþróttamál	(149.631)	(142.576)	(144.091)
Brunamál og almannavarnir	(25.463)	(27.786)	(24.744)
Hreinlætismál	(2.671)	(2.154)	585
Skipulags- og byggingarmál	(12.061)	(13.838)	(11.345)
Umferðar- og samgöngumál	(17.256)	(23.300)	(15.773)
Umhverfismál	(21.797)	(22.377)	(23.652)
Atvinnumál	(13.102)	(23.199)	(14.257)
Sameiginlegur kostnaður	(111.791)	(105.711)	(93.685)
Breyting lífeyrisskuldbindingar og framlag vegna A deildar Brúar	(58.382)	(27.385)	(18.502)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	49.068	32.757	42.425
Aðalsjóður samtals	(5.286)	9.205	16.273
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	19.474	22.726	44.542
Þjónustumiðstöð	(16.415)	332	(6.912)
A hluti samtals	(2.227)	32.263	53.903
B hluta fyrirtæki:			
Hafnarsjóður	14.666	7.128	6.921
Fráveita	10.050	8.079	9.082
Félagslegar íbúðir	(3.831)	(2.146)	(3.875)
Dvalarheimili	(26.629)	(14.108)	(19.053)
Þjónustuíbúðir	824	(589)	(980)
Framkvæmdasjóður	(1.739)	5.524	(2.335)
A og B hluti	(8.887)	36.152	43.663

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti:				
Heildarverð 1.1.2017	1.979.875	279.469	66.669	2.326.012
Endurmat lóða og lendna	44.801	0	0	44.801
Keypt á árinu	232.132	119.422	19.200	370.754
Endurflokkun eigna.....	(12.170)	12.170	0	0
Heildarverð 31.12.2017	2.244.638	411.061	85.869	2.741.567
Afskrifað 1.1.2017	(357.318)	(77.997)	(42.630)	(477.945)
Afskrifað á árinu	(30.554)	(11.666)	(4.695)	(46.914)
Afskrifað samtals 31.12.2017	(387.871)	(89.663)	(47.325)	(524.859)
Bókfært verð 1.1.2017	1.622.557	201.471	24.039	1.848.067
Bókfært verð 31.12.2017	1.856.766	321.398	38.544	2.216.708
Afskriftarhlutföll.....	0-4%	4%	10-20%	
	Fasteignir og lóðir	Veitur, hafnir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti:				
Heildarverð 1.1.2017	2.182.101	571.577	77.553	2.831.231
Endurmat lóða og lendna	44.801	0	0	44.801
Keypt á árinu	232.132	129.298	19.200	380.631
Endurflokkun eigna.....	(12.620)	30.303	450	18.133
Heildarverð 31.12.2017	2.446.415	731.179	97.203	3.274.796
Afskrifað 1.1.2017	(370.253)	(246.260)	(50.095)	(666.607)
Endurflokkun eigna.....	45	(18.134)	(45)	(18.134)
Afskrifað á árinu	(34.012)	(25.801)	(5.223)	(65.036)
Afskrifað samtals 31.12.2017	(404.219)	(290.195)	(55.364)	(749.778)
Bókfært verð 1.1.2017	1.811.849	325.317	27.458	2.164.623
Bókfært verð 31.12.2017	2.042.195	440.984	41.839	2.525.018
Afskriftarhlutföll	0-4%	2,5-4%	4-20%	

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

b. Fjárfesting

Lóðir og lendum

Lóðir og lendum sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2017 til samræmis við álit reikningskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var yfir 5% af bókfærðu virði.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Mismunur við áætlun
A hluti:			
Fasteignir			
Amtsbókasafn, Grunnskóli og Tónlistarskóli.....	207.207	200.000	7.207
Leikskóli, laus kennslustofa.....	19.125	15.000	4.125
Reiðskemman.....	5.000	5.000	0
Annað ófyrirséð.....	0	3.000	(3.000)
Dvalarheimili, endurbætur.....	800	0	800
	<u>232.132</u>	<u>223.000</u>	<u>9.132</u>
Gatnamannvirki			
Gatnaframkvæmdir.....	117.860	88.000	29.860
Gatnagerðargjöld.....	(8.000)	(8.000)	0
Deiliskipulag.....	9.561	9.100	461
	<u>119.421</u>	<u>89.100</u>	<u>30.321</u>
Vélar áhöld og tæki			
Áhaldahús, dráttarvél.....	7.940	8.000	(60)
Brunavarnir, búnaður.....	8.632	10.500	(1.868)
Ærslabelgur.....	2.302	2.000	302
Hleðslustöð.....	326	0	326
	<u>19.200</u>	<u>20.500</u>	<u>(1.300)</u>
A hluti samtals.....	<u>370.754</u>	<u>332.600</u>	<u>38.153</u>
B hluti:			
Hafnarsjóður			
Stykkishöfn, Búnaður v/ gjaldskyldra bílastæða.....	0	500	(500)
Hafnarsvæði, malbikað plan við Hafnarskúr.....	1.619	0	1.619
Hafnarsjóður samtals	<u>1.619</u>	<u>500</u>	<u>1.119</u>
Fráveita			
Framkvæmdakostnaður.....	8.258	9.400	(1.142)
Fráveita samtals	<u>8.258</u>	<u>9.400</u>	<u>(1.142)</u>
Samtals A og B hluti	<u>380.631</u>	<u>342.500</u>	<u>38.130</u>

c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2017:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	3.349.760	3.818.860
Fasteignamat.....	3.664.214	4.037.764
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	360.503	425.960
Váttryggingaverðmæti hafna.....		1.346.589
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		450.150

Skýringar, frh.:

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Landskerfi bókasafna hf.....		0,0%	0	326
Útgerðarfélag Stykkishólms ehf.....		0,0%	0	10
Slátursamlag Stykkishólms ehf.....		100,0%	0	15
Sorpurðun Vesturlands hf.....		0,0%	0	2.032
Jeratún hf.....		27,0%	0	46.856
FSH ehf.....		100,0%	0	0
Þróunarfélag Snæfellsnes hf.....		0,0%	0	320
Sjávarorka hf.....		0,0%	0	1.000
Heilsuefling Stykkishólmi ehf.....		100,0%	0	4.000
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	2,0%	2,0%	92.650	92.650
Framkvæmdasjóður Stykkishólms.....	100,0%	100,0%	25.000	0
Náttúrustofa Vesturlands.....	50,0%	50,0%	9.259	9.259
Aðrir eignarhlutir.....			684	684
			127.593	157.152
Niðurfærsla eignarhluta			0	(25)
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals			127.593	157.127

Hlutdeild í afkomu Jeratúns hf. færð í A og B hluta nam 8,9 millj. kr.

10. Langtímakröfur og langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:	Langtíma-	Langtímakröfur	
	kröfur á eigin fyrirtæki	A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	91.150	1.067	1.067
Nýjar langtímakröfur á árinu.....	348.000	0	0
Verðbætur.....	1.726	0	0
Afborgun langtímakrafna á árinu	(13.827)	0	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	427.049	1.067	1.067
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	(31.193)	(783)	(783)
	395.855	284	284

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018.....	31.193	783	783
Árið 2019.....	32.597	284	284
Árið 2020.....	34.064	0	0
Árið 2021.....	35.596	0	0
Árið 2022.....	37.198	0	0
Afborgun síðar.....	256.401	0	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	427.049	1.067	1.067

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

11. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur.....	58.732	58.732
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	39.278	51.080
Óinnheimtar tekjur í árslok	98.010	109.811

Niðurfærsla óinnheimtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	9.028	9.278
Niðurfærsla, breyting á árinu	738	788
Niðurfærsla í árslok	9.766	10.066

Skýringar, frh.:

12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2017.....	1.180.010	662.063
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	(2.227)	(8.887)
Endurmat lóða og lendna	44.801	44.801
Eigið fé 31.12. 2017.....	<u>1.222.584</u>	<u>697.977</u>

Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2017 til samræmis við álit reikningskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var yfir 5%.

13. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	234.320	234.320
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna.....	(9.605)	(9.605)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	16.920	16.920
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2017.....	<u>241.635</u>	<u>241.635</u>
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar.....	8.895	8.895
Langtíamahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok 2017.....	<u>232.740</u>	<u>232.740</u>

Núvirði áætlaðs framlags vegna lífeyrisgreiðslna greinist þannig á næstu ár:

Árin 2018-2022.....	46.688
Árin 2023-2027.....	48.833
Árin 2028-2032.....	46.460
Síðar.....	99.654
	<u>241.635</u>

14. Búseturéttur

	2017	2016
Staða í ársbyrjun.....	63.874	62.626
Útborgaður búseturéttur.....	(9.512)	(9.595)
Innborgaður búseturéttur.....	9.564	8.772
Verðbætur.....	1.121	2.071
Staða búseturéttar í árslok 2017.....	<u>65.046</u>	<u>63.874</u>

15. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Verðtryggð lán	Samtals
A hluti:		
Langtímaskuldir í ársbyrjun	887.033	887.033
Ný lán.....	310.000	310.000
Afborganir af lánum	(118.633)	(118.633)
Verðbætur og gengismunur	16.873	16.873
	<u>1.095.272</u>	<u>1.095.272</u>
Næsta árs afborgun	(126.923)	(126.923)
Langtímaskuldir í árslok	<u>968.349</u>	<u>968.349</u>

Skýringar, frh.:

15. Skuldir við lánastofnanir, frh.:

	Verðtryggð lán	Samtals
A og B hluti:		
Langtímaskuldir í ársbyrjun	1.354.843	1.354.843
Ný lán.....	310.000	310.000
Afborganir af lánum	(178.197)	(178.197)
Verðbætur og gengismunur	24.695	24.695
	1.511.341	1.511.341
Næsta árs afborgun	(187.965)	(187.965)
Langtímaskuldir í árslok	1.323.376	1.323.376
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:		
	A hluti	A og B hluti
Árið 2018.....	126.923	187.965
Árið 2019.....	126.360	143.248
Árið 2020.....	125.115	142.270
Árið 2021.....	115.461	132.893
Árið 2022.....	110.549	128.143
Síðar	490.864	776.822
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	1.095.272	1.511.341

Veðsetningar

Íbúðir í eigu félagslegra íbúða að bókfærðu virði 28,3 millj. kr. eru veðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 56,6 millj. kr. í árslok 2017. Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði Íslenskra sveitarfélaga veð í staðgreiðslutekjum fyrir skuldum að eftirstöðvum að fjárhæð 1.272,4 millj. kr. í árslok 2017.

16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti	100%	2.918.351	1.695.767	1.222.584
Hafnarsjóður	100%	57.169	50.130	7.039
Fráveita	100%	116.920	106.549	10.372
Félagslegar íbúðir	100%	28.296	91.323	(63.027)
Dvalarheimili	100%	34.560	186.001	(151.441)
Þjónustuíbúðir	100%	129.460	247.531	(118.072)
Framkvæmdasjóður	100%	66.864	239.012	(172.148)
Millifærslur, innbyrðis staða		(516.210)	(478.880)	(37.330)
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok		2.835.410	2.137.433	697.977

17. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Samstarfsverkefni

Sveitarfélagið er aðili að eftirtöldum stofnunum og samstarfsverkefnum:

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

- Héraðsnefnd Snæfellinga
- Byggðasamlag Snæfellinga
- Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vesturlandi

Skuldbindingar vegna þessara verkefna eru ekki færðar í ársreikninginn.

18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

19. Önnur mál

Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggt með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárfraðlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórnar viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Framangreint samkomulag hefur áhrif á Aðalsjóð í A hluta. Í janúar 2018 samþykkti bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í febrúar 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017 og tók til starfsmanna sveitarfélagsins auk hlutdeildar Stykkishólmsbæjar í skuldbindingu Héraðsnefndar Snæfellinga. Í upphaflegu uppgjöri Brúar var gerð krafa um framlag vegna starfsmanna Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi að fjárhæð 75,2 millj. kr. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur farið fram á að Fjármálaráðuneyti yfirtaki þann hluta skuldbindingarinnar og er unnið að lausn þeirra mála í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Brú lífeyrissjóð.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 177,5 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 38,6 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi - Gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 125,4 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóðs til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka - gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 13,5 millj. kr. framlag í varúðarsjóðs sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð - gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar eru 41,5 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.

Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjörið með lækun á handbæru fé og lántöku hjá Lánasjóði Sveitarfélaga. Heildarlántaka vegna þessa nam á árinu 2018 176,6 millj. kr. á móti færð fyrirframgreiðsla vegna framlaga í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð að fjárhæð 136,0 millj. kr. sem heimilt er að draga frá við útreikning á skuldaviðmiði sbr. breytingu á reglugerð nr. 502/2012.

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	102.923	68.433	98.545	30.181	24.369	(38.654)
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....	75%	137%	107%	107%	108%	127%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	9,9 %	6,0 %	11,1 %	10,0 %	12,1 %	10,6 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	2,7 %	(0,2 %)	4,6 %	1,6 %	3,1 %	(1,8 %)
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	10,0 %	6,6 %	10,5 %	5,5 %	9,3 %	8,6 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	27,4 %	31,8 %	7,8 %	5,8 %	0,3 %	4,0 %
Skuldahlutfall.....	107 %	145 %	127 %	123 %	135 %	151 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum	7,24	12,62	6,34	13,35	10,00	12,17
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....	1,09	0,60	0,96	0,49	0,72	0,65
Veltufjárhlutfall	2,64	0,36	1,26	1,31	2,04	1,71
Eiginfjárhlutfall	47,9 %	41,9 %	44,4 %	45,5 %	47,8 %	45,8 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	48,0 %	50,6 %	47,7 %	45,9 %	52,0 %	52,4 %
Fasteignaskattur	7,9 %	7,9 %	7,3 %	7,1 %	7,5 %	7,5 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	22,4 %	20,0 %	22,2 %	21,8 %	22,1 %	22,1 %
Lóðarleiga.....	2,4 %	2,6 %	2,6 %	2,7 %	3,2 %	3,3 %
Skatttekjur samtals.....	80,7 %	81,1 %	79,8 %	77,5 %	84,7 %	85,2 %
Aðrar tekjur	19,3 %	18,9 %	20,2 %	22,5 %	15,3 %	14,8 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(56,9 %)	(61,3 %)	(54,9 %)	(55,5 %)	(57,5 %)	(58,3 %)
Framlag vegna A deildar Brúar.....	0,0 %	(3,6 %)	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(2,3 %)	(1,5 %)	(1,6 %)	(1,8 %)	(0,6 %)	(1,7 %)
Annar rekstrarkostnaður	(31,0 %)	(27,7 %)	(32,4 %)	(32,7 %)	(29,7 %)	(29,4 %)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	9,9 %	6,0 %	11,1 %	10,0 %	12,1 %	10,6 %
Afskriftir	(3,9 %)	(4,0 %)	(3,8 %)	(3,8 %)	(4,6 %)	(5,0 %)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(3,3 %)	(2,1 %)	(2,6 %)	(4,7 %)	(4,4 %)	(7,3 %)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	2,7 %	(0,2 %)	4,6 %	1,6 %	3,1 %	(1,8 %)

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Í þúsundum krónum á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	832	803	795	753	682	636
Aðrar tekjur	199	187	201	219	123	110
Laun og launatengd gjöld	(587)	(607)	(547)	(540)	(463)	(436)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(23)	(14)	(16)	(17)	(5)	(13)
Annar rekstrarkostnaður.....	(320)	(274)	(323)	(318)	(239)	(220)
Afskriftir.....	(40)	(40)	(38)	(37)	(37)	(38)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(34)	(21)	(26)	(45)	(36)	(54)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	27	33	46	15	25	(13)
Efnahagur:						
Eignir	2.116	2.477	2.276	2.196	2.089	2.079
Eigið fé	1.013	1.038	1.010	999	998	951
Skuldir og skuldbindingar	1.103	1.440	1.266	1.197	1.091	1.128
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	103	65	104	54	75	64
Handbært fé frá rekstri.....	101	136	124	52	64	34
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	1.178	1.178	1.168	1.103	1.106	1.099

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	79.492	75.915	79.139	17.207	21.982	(61.534)
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....	129%	138%	121%	131%	136%	153%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	10,7 %	10,3 %	12,2 %	9,7 %	15,3 %	14,3 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	2,3 %	2,2 %	3,0 %	(0,0%)	3,7 %	(2,1%)
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	10,0 %	6,1 %	9,6 %	4,5 %	11,3 %	9,6 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	22,0 %	25,7 %	4,2 %	1,4 %	1,6 %	4,6 %
Skuldahlutfall.....	135 %	144 %	128 %	137 %	144 %	162 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum	8,75	14,70	8,59	19,07	8,96	11,85
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....	0,94	0,48	0,75	0,32	0,62	0,56
Veltufjárhlutfall	0,50	0,30	0,51	0,31	0,67	0,51
Eiginfjárhlutfall	26,0 %	24,6 %	26,5 %	24,7 %	39,9 %	37,3 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	37,5 %	39,9 %	38,7 %	37,1 %	48,1 %	48,3 %
Fasteignaskattur	6,2 %	5,9 %	5,7 %	5,8 %	9,7 %	9,8 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	17,5 %	15,8 %	18,0 %	17,6 %	20,5 %	20,4 %
Lóðarleiga.....	1,9 %	2,0 %	2,1 %	2,2 %	2,9 %	3,0 %
Skatttekjur samtals.....	63,1 %	63,6 %	64,5 %	62,6 %	81,3 %	81,5 %
Aðrar tekjur	36,9 %	36,4 %	35,5 %	37,4 %	18,7 %	18,5 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(56,7%)	(61,6%)	(56,7%)	(57,0%)	(54,5%)	(54,9%)
Framlag vegna A deildar Brúar.....	0,0 %	(2,8%)	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(1,8%)	(1,1%)	(1,3%)	(1,4%)	(0,6%)	(1,5%)
Annar rekstrarkostnaður	(30,9%)	(26,9%)	(29,8%)	(31,8%)	(29,6%)	(29,2%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	10,7 %	7,5 %	12,2 %	9,7 %	15,3 %	14,3 %
Afskriftir	(4,2%)	(4,4%)	(4,6%)	(4,1%)	(5,7%)	(6,4%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(4,1%)	(4,3%)	(5,1%)	(6,1%)	(6,0%)	(10,0%)
Hlutdeild í hlutdeildarfélagum.....	0,0 %	0,6 %	0,6 %	0,5 %	0,0 %	0,0 %
Tekjuskattur.....	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %
	(97,7%)	(100,6%)	(97,0%)	(100,0%)	(96,3%)	(102,1%)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	2,3 %	(0,6%)	3,0 %	(0,0%)	3,7 %	(2,1%)

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Í þúsundum krónum á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	832	800	791	753	707	660
Aðrar tekjur	488	458	435	450	163	150
Laun og launatengd gjöld	(748)	(775)	(696)	(686)	(473)	(445)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(23)	(14)	(16)	(17)	(5)	(13)
Annar rekstrarkostnaður.....	(407)	(339)	(365)	(383)	(257)	(237)
Afskriftir.....	(56)	(55)	(56)	(49)	(49)	(52)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(55)	(54)	(63)	(74)	(52)	(81)
Hlutdeild í hlutdeildarfélagum.....	0	8	7	6	0	0
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	31	28	37	(0)	32	(17)
Efnahagur:						
Eignir	2.406	2.407	2.138	2.183	2.086	2.085
Eigið fé	625	593	567	539	832	777
Skuldir og skuldbindingar	1.781	1.814	1.571	1.645	1.254	1.308
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	133	76	118	55	98	78
Handbært fé frá rekstri.....	131	143	138	45	84	49
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	1.178	1.178	1.168	1.103	1.106	1.099

Skýringar, frh.:

20. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2017	%	2016	%	2015	%
Aðalsjóður:						
Skatttekjur	967.821	100,0%	944.441	100,0%	844.646	100,0%
Félagsþjónusta	(37.685)	(3,9%)	(84.248)	(8,9%)	(76.255)	(9,0%)
Heilbrigðismál	(888)	(0,1%)	(751)	(0,1%)	(691)	(0,1%)
Fræðslu- og uppeldismál	(518.200)	(53,5%)	(491.294)	(52,0%)	(466.125)	(55,2%)
Menningarmál	(53.249)	(5,5%)	(48.838)	(5,2%)	(46.270)	(5,5%)
Æskulýðs- og íþróttamál	(149.631)	(15,5%)	(144.091)	(15,3%)	(155.078)	(18,4%)
Brunamál og almannavarnir	(25.463)	(2,6%)	(24.744)	(2,6%)	(20.586)	(2,4%)
Hreinlætismál	(2.671)	(0,3%)	585	0,1%	(2.821)	(0,3%)
Skipulags- og byggingarmál	(12.061)	(1,2%)	(11.345)	(1,2%)	(6.763)	(0,8%)
Umferðar- og samgöngumál	(17.256)	(1,8%)	(15.773)	(1,7%)	(15.405)	(1,8%)
Umhverfismál	(21.797)	(2,3%)	(23.652)	(2,5%)	(19.909)	(2,4%)
Atvinnumál	(13.102)	(1,4%)	(14.257)	(1,5%)	(22.093)	(2,6%)
Sameiginlegur kostnaður	(111.791)	(11,6%)	(93.685)	(9,9%)	(101.379)	(12,0%)
Breyting lífeyrisskuldbindingar og framlag vegna A deildar Brúar ...	(58.382)	(6,0%)	(18.502)	(2,0%)	0	0,0%
Fjármunatekjur og fjármagns- gjöld	49.068	5,1%	42.425	4,5%	22.669	2,7%
Aðalsjóður samtals	(5.286)	(0,5%)	16.273	1,7%	(66.060)	(7,8%)
Aðrir sjóðir í A hluta:						
Eignasjóður	19.474	2,0 %	44.542	(4,7%)	84.031	(9,9%)
Þjónustumiðstöð	(16.415)	(1,7%)	(6.912)	0,7%	(1.215)	0,1%
A hluti samtals	(2.227)	(0,2%)	53.903	(2,3%)	16.757	(17,6%)

Skýringar, frh.:

21. Samanburður áætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2017 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphaflag áætlun 2017	Samþykktir viðaukar	Áætlun 2017 með viðaukum	Upphaflag áætlun 2017	Samþykktir viðaukar	Áætlun 2017 með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	703.663	5.000	708.663	703.663	5.000	708.663
Framlög Jöfnunarsjóðs	249.569	22.192	271.761	249.569	22.192	271.761
Aðrar tekjur	194.089	40.621	234.710	275.806	298.645	574.451
	<u>1.147.321</u>	<u>67.813</u>	<u>1.215.134</u>	<u>1.229.038</u>	<u>325.837</u>	<u>1.554.875</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	643.894	47.241	691.135	657.694	223.800	881.494
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	18.385	9.000	27.385	18.385	9.000	27.385
Annar rekstrarkostnaður	358.451	18.157	376.608	379.955	99.801	479.756
	<u>1.020.730</u>	<u>74.398</u>	<u>1.095.128</u>	<u>1.056.034</u>	<u>332.601</u>	<u>1.388.635</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir,	126.591	(6.585)	120.006	173.004	(6.764)	166.240
Afskriftir	(46.838)	(792)	(47.630)	(62.752)	(2.993)	(65.745)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda	79.753	(7.377)	72376,357	110.252	(9.757)	100.495
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(42.685)	2.572	(40.113)	(60.172)	(4.171)	(64.343)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð).....	<u>37.068</u>	<u>(4.805)</u>	<u>32.263</u>	<u>50.079</u>	<u>(13.927)</u>	<u>36.152</u>

Skýringar, frh.:

21. Samanburður áætlana, frh.:

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2017 samkvæmt upphaflega samþykktri sjóðstreymisáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og sjóðstreymisáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphaflag áætlun 2017	Samþykktir viðaukar	Áætlun 2017 með viðaukum	Upphaflag áætlun 2017	Samþykktir viðaukar	Áætlun 2017 með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	37.068	(4.805)	32.263	50.079	(13.927)	36.152
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	46.838	792	47.630	62.752	2.993	65.745
Verðbætur	23.481	(761)	22.720	29.267	6.702	35.969
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	18.385	0	18.385	18.385	0	18.385
Veltufé frá rekstri	125.772	(4.774)	120.998	160.483	(4.232)	156.251
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Aðrar skammtímakröfur, hækkun	(1.500)	0	(1.500)	(1.500)	0	(1.500)
	(1.500)	0	(1.500)	(1.500)	0	(1.500)
Handbært fé frá rekstri	124.272	(4.774)	119.498	158.983	(4.232)	154.751
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfest. í varanl. rekstrarfjármunum	(206.840)	(125.760)	(332.600)	(215.000)	(127.500)	(342.500)
Eignarhlutur í félögum, breyting	0	0	0	0	(2.700)	(2.700)
Langt.kröfur á eigin fyrirtæki, breyting.....	14.100	(236)	13.864	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(192.740)	(125.996)	(318.736)	(215.000)	(130.200)	(345.200)
Fjármögnunarhreyfingar						
Skuldir við lánastofnanir, breyting	0	50.000	50.000	0	50.000	50.000
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, br.	(138)	(4.159)	(4.297)	0	0	0
Tekin ný langtímalán	230.000	60.000	290.000	250.000	60.000	310.000
Afborganir langtímalána	(112.991)	1.488	(111.503)	(145.580)	(21.081)	(166.661)
Fjármögnunarhreyfingar	116.871	107.329	224.200	104.420	88.919	193.339
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	48.403	(23.441)	24.962	48.403	(45.513)	2.890
Handbært fé í ársbyrjun	56.868	15.749	72.617	56.867	15.956	72.823
Handbært fé í árslok	105.271	(7.692)	97.579	105.270	(29.557)	75.713

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar - óendurskoðaðar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 731/2013, með síðari breytingum, og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins frá 7. júlí 2013. Bæjarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Bæjarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Um áhættustýringu er vísað ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitastjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem bæjarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er bæjarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í bæjarstjórn eru 4 fulltrúar karlar og 3 fulltrúar konur. Þar sitja nú fulltrúar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett siðareglur, dags. 22. september 2015, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi siðareglur, dags. 22. september 2015, sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.